

KÓPAVOGSBÆR

Greinargerð með árshlutareikningi

1. janúar – 30 júní 2014

Fjármáladeild

2014

Frá fjármáladeild Kópavogsbæjar

Bæjarráð

Við framlagningu á árs hlutareikningi Kópavogsbæjar pr. 30. júní 2014 er leitast við að draga saman helstu atriði sem vekja athygli við yfirferð uppgjorsins. Tilgangurinn er að upplýsa bæjarráð um megin niðurstöður uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks bæjarfulltrúa.

Árs hlutareikningurinn er eins og áður, óendurskoðaður og ókannaður en gerður í samræmi við lög og reglugerðir en þó þannig, að ekki eru samdar sérstakar skýringar aðrar en sú greinargerð sem hér er lögð fram. Uppgjörið er notað innanhúss til að athuga hvernig rekstrarkostnaður er að þróast og það myndar grunn að útkomuspá ársins 2014 sem áætlaður efnahagsreikningur ársins 2015 byggist á.

Árs hlutareikningurinn er unninn á hefðbundnu uppgjorsformi fyrir samstæðu Kópavogsbæjar og rekstraryfirlit á áætlunarformi.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 259 m.kr. sem er 57,4% af áætlun ársins sem gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins verði jákvæð um 451 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar A og B hluta, var jákvæð um 452 m.kr. sem gerir 66,7% af áætlun ársins, sem er 677 m.kr. Frávik frá áætlun liggja einkum í fjármagnsliðnum, en verðbólga var mun minni á fyrri helmingi ársins en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samkvæmt uppgjörinu hafa skuldir samstæðu bæjarins lækkað frá áramótum um 542 milljónir og veltufjármunir styrkst. Ef gefin er sú forsenda að tekjur ársins verði tvöfaldar tekjur sex mánaðanna og að langtímalífeyrisskuldbinding sé sú sama og í ársreikningi 2013, þá hefur skuldahlutfall bæjarins lækkað úr 185% um síðustu áramót í 179% þann 30.06.2014.

Í eftirfarandi greinargerð verður farið nánar yfir einstakar rekstrareiningar eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Ingólfur Arnarson
Fjármála- og hagsýslustjóri

1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar, A og B hluta, var jákvæð um 452 m.kr. en áætlun ársins gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 667 m.kr. Ástæðuna fyrir mismuninum er einkum að finna í fjármagnsliðum þar sem verðbólga var heldur lægri en áætlað var sem og að lán voru endurfjármögnuð á lægri vöxtum. Í fjárhagsáætlunum Kópavogsbæjar er ekki áætlað fyrir hagnaði eða tapi vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla heldur notuð staðan úr síðasta uppgjöri. Hins vegar er breyting á vísitölu neysluverðs áætluð og verðtryggð lán uppfærð með tilliti til þeirrar áætlunar. Hækkun vísitölu neysluverðs á misserinu reyndist vera 1,1%, en áætlun ársins, sem byggðist á efnahagsspám á seinni hluta árs 2013, gerði ráð fyrir ca. 3% verðbólgu allt árið. Hækkun vísitölu sem er undir helmingi áætlaðrar vísitölu veldur minni gjaldfærslu en áætlað var. Vonir standa til að verðbólgan verði á svipuðu róli á seinna misseri ársins þannig að fjármagnsgjöld ársins verði undir áætlun.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði, afskriftir og lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 2.325 m.kr. Þetta þýðir að framlegðarhlutfall samstæðu var um 21%, en í reglum frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlegðarhlutfallið sé á bilinu 15-20%.

Heildareignir samstæðu voru 58.062 m.kr., þar af fastafjármunir 55.375 m.kr. og veltufjármunir 2.659 m.kr. Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingu voru 42.028 m.kr. og bókfært eigið fé 15.968 m.kr. sem gerir 27,5% eiginfjárhlutfall. Veltufjárhlutfall (veltufé/skammtíma-skuldir) er 0,62 en það var 0,42 fyrir ári síðan, þannig að það er að styrkjast.

Sé skuldahlutfallið skoðað og gefnar þær forsendur að helmingur tekna ársins sé fallinn til og að frádráttur vegna langtímalífeyrisskuldbindinga sé sá sami og í ársreikningi ársins 2013, þá er þetta hlutfall um 179% fyrir samstæðuna þann 30.06.2014.

Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.531 m.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2014 verði 3.105 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 2.236 m.kr.

Fjárfestingahreyfingar sýna að búið var að bóka framkvæmdir nettó fyrir 278 m.kr. á þessum tímapunkti en á móti breyting á langtímakröfum og breyting t.d. vegna úthlutunar lóða. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 850 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af greiðslu lána.

Handbært fé samstæðunnar nam 1.613 m.kr. í lok tímabils.

2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggingarsjóðs MK og þjónustumiðstöðvar.

Staða innlendra lána

Hækkun vísitölu neysluverðs á misserinu reyndist vera 1,1%, en áætlun ársins, sem byggðist á efnahagsspám á seinni hluta árs 2013, gerði ráð fyrir ca. 3% verðbólgu allt árið. Verðbætur voru ekki reiknaðar sérstaklega fyrir hvern mánuð í áætlun, þannig að þessi hækkun, sem er undir helmingi áætlunar veldur minni gjaldfærslu en áætlað var.

Staða erlendra lána

Staða gengisbundinna lána þann 1.1.2014 var um 618 m.kr. samkvæmt ársreikningi en á miðju ári var staðan 558 m.kr. Gengishagnaður samstæðunnar var um 17 m.kr., mismunurinn er afborgun.

Skuldahlutfall A-hluta er nú 147% sé miðað við sömu forsendur og við útreikning skuldahlutfalls samstæðu.

2.1 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 1.137 m.kr. sem er lakara en áætlað var, en munurinn liggur fyrst og fremst í vöxtum og verðbótum af lánum innan samstæðu.

Skatttekjur fyrstu sex mánaði ársins eru nánast á pari við helming áætlaðra skatttekna ársins. Séu þær hins vegar skoðaðar með tilliti til áætlaðrar dreifingar á árið samkvæmt greiðsluáætlun bæjarins, þá eru þær heldur hærri. Reynslan sýnir að tekjur sem falla til á seinna misseri eru hlutfallslega meiri en tekjur á fyrra misseri ársins.

Á fyrri hluta árs var gengið frá mörgum kjarasamningum sem bærinn á aðild að en ekki var áætlað fyrir að fullu. Þeir samningar hafa valdið kostnaðarauka á málaflokkum, en einnig tekjuauka. Þessar breytingar á kjarasamningum ættu einnig að hafa áhrif á afkomu seinna misseris ársins. Samkvæmt athugun sem gerð var fyrir nokkrum árum á áhrif breytinga almennra kjarasamninga á afkomu Kópavogsbæjar, þá virtist vera fylgni á milli aukinna útgjalda og aukinna tekna. Þar sem nú er um að ræða samninga við ákveðin stéttarfélag umfram almenn kjör, þá er óvíst að þeir skili tekjuauka á móti auknum útgjöldum.

Nettó rekstrarkostnaður málaflokka var 8.375 m.kr. en samkvæmt áætlun ársins 16.699 m.kr., þannig að heildar rekstrarkostnaðurinn er um það bil helmingur áætlunar. Farið verður yfir helstu liði einstakra sviða hér á eftir.

2.1.1 Velferðarsvið

Rekstur velferðarsviðs er um 13 m.kr. yfir áætlun á fyrra misseri ársins, eða um 1,5% þegar búið er að gera ráð fyrir ógreiddum áföllnum liðum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstrarstjóra sviðsins hefur verið mikið álag á ákveðna þjónustuþætti. Reiknað er með að eitthvað réttist úr þessu þegar lengra líður á árið.

Þær deildir sem eru yfir áætlun eru fyrst að nefna Ráðgjafa- og íbúðadeild og eru það einkum launin og sérfræðipjónustan sem fara framúr (13 m.kr.). Annar liður sem fer framúr áætlun er „vistun á stofnun/heimilum“, en hann er 24% umfram áætlun (7,5 m.kr.). Fjárhagsaðstoð er undir áætlun á þessum tímamarki og húsaleigubætur nánast á pari.

2.1.2 Menntasvið

Heildarútgjöld fræðslusviðs eru 5.082 m.kr. en dreifð áætlun gerði ráð fyrir 5.036 m.kr. og er munurinn um 45 m.kr. eða 0,9%

Leikskólar.

Rekstrarniðurstaða bæjarrekkinna leikskóla ásamt skrifstofu leikskólafulltrúa var 36 m.kr. undir hlutfallaðri áætlun, munar þar mest um að leikskólinn Austurkór er ekki kominn í fullan rekstur. Séu sjálfstætt starfandi leikskólar skoðaðir, þá er Kór rétt undir áætlun en Aðalþing fer um 15% yfir áætlun. Ástæðan hjá Aðalþingi er annarsvegar að það er meiri aðsókn en áætlað var og hitt að mönnun leikskólans er dýrari en áætlað var, þ.e. herra hlutfall leikskólakennara hefur hafið störf við þennan skóla en áætlað var.

Þó bæjarreknu leikskólarnir komi vel út sem heild, þá vekur athygli hve misgóður rekstur þeirra er. Þeir sem standa sig best eru allt að 3-4% undir áætluðum kostnaði á þessum tímamótum, á meðan þeir sem standa sig lakast eru allt að 10% yfir áætlun. Skýring getur legið í óvæntum langtímaveikindum sem hafa kallað á nýráðningu í afleysingu.

Einkaleikskólar:

Greiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla voru 57 m.kr. sem var um 16 m.kr. undir áætlun. Hins vegar eru greiðslur til dagforeldra um 10 m.kr. yfir áætlun.

Grunnskólar

Rekstrarkostnaður grunnskóla að meðtaldri grunnskóladeild og „grunnskólar sameiginlegt“ var 3.082 m.kr. á fyrri helmingi ársins, eða 81 m.kr. umfram hlutfallaða áætlun. Almennt er staða skólanna þökkaleg hlutfallslega séð, en kostnaður við þá er jafnan heldur meiri á fyrri hluta árs en þeim seinni. Þrjú skólar fara meira en 3% fram úr áætlun, en það eru Kársnesskóli (4,09%), Kópavogsskóli (3,46%) og Hörðuvallaskóli (3,15%).

Það sama gildir hér og með leikskólana, að líkleg skýring á hærri launakostnaði liggi í langtímaveikindum eða þá að skólarnir hafi fengið til sín nemendur sem kalla á sérþjónustu sem ekki var gert ráð fyrir við áætlanagerðina.

Tónlistarskólar

Kostnaður við tónlistarskóla er nánast á áætlun við þetta uppgjör, en skólahljómsveitin undir.

2.1.3 Menningar svið

Þegar búið er að taka tillit til ógreiddra áfallinna innri færslna, þá er menningar sviðið 2,2 m.kr. yfir áætlun. Aðal ástæðan liggur í að laun á þessu sviði voru vanáætluð við vinnslu fjárhagsáætlunar 2014.

2.1.4 Íþróttá- og tóms tundasvið

Þegar búíð er að gera leiðréttingar á kostnaði, þá er sviðið um 15 m.kr. undir áætlun. Hér var ákveðið að lagfæra ekki sérstaklega vegna sumarvinnu öðruvísi en að rétta af mismun á milli innri liða svo það sé jafnvægi á þeim.

Félagsmiðstöðvar

Þann 30. júní voru félagsmiðstöðvar um 0,7 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun.

Sundlaugar

Nettó kostnaður við rekstur sundlauga var um 179 m.kr. en það var um 7,9 m.kr. yfir hlutfallaðri áætlun eftir að búíð var að taka tillit til uppgjörs við GYM.

Íþróttamannvirki

Kostnaður við rekstur íþróttahúsa var um 4,9 m.kr. undir fjárheimildum. Staða húsanna er nokkuð misjöfn þó heildin sé í lagi.

2.2.5 Umhverfissvið

Afkoma umhverfissviðs (skipulags- og byggingarmála) er 4,1 m.kr. betri en hlutfallsleg áætlun. Tekjur sviðsins á fyrri helmingi ársins eru heldur hærri en reiknað var með. Byggingarleyfisgjald er yfir áætlun á þessum tíma og sama á við um skipulagsgjald, sem er 16,4 m.kr. m.v. árið en áætlun gerði ráð fyrir 15 m.kr.

2.2.6 Atvinnumál

Þessi liður er undir áætlun, en hluti þess kostnaðar sem hér er áætlaður er gjaldfærður á aðra liði. Því var ákveðið að hafa hann eins og hann er bókaður,

2.2.7 Sameiginlegur kostnaður

Þessi málaflokkur er um 6 m.kr. undir áætlun. Þá er að búíð að taka tillit til eðlilegs hlutfalls af kostnaði sem fellur á málaflokkinn á seinni hluta ársins.

Bæjarráð, bæjarstjórn og ýmsar nefndir

Kostnaður um 28 m.kr. sem er 0,8 m.kr. undir áætlun.

Endurskoðun

Kostnaður vegna endurskoðunar um 2,6 m.kr. lægri en áætlað var.

Almenn skrifstofa

Heildarkostnaður á skrifstofu var 218 m.kr eða um 10 m.kr. undir fjárheimildum þegar tekið er tillit til einskiptiskostnaðar sem er dreift á árið. Sem dæmi um helstu eins-skiptis kostnaðarliði má nefna fasteignamatsskrá (hlutfölluð sem 15,5 m.kr.), innkaup í tölvudeild (15 m.kr.), váttrygingar (11 m.kr.).

Annað

Styrkir sem eru greiddir út á fyrra misseri voru um 2,5 m.kr. umfram helming áætlunar.

2.2 Eignasjóður

Bókaðar tekjur eignasjóðs þann 30.06.14 eru 1.682 m.kr. sem að langmestu leiti er innri leiga. Tekjur vegna úthlutunar lóða eru óverulegar á þessum tímamótum.

Áfallinn rekstrarkostnaður og fasteignagjöld eignasjóðs voru 504 m.kr., afskriftir 553 m.kr. og bókaður fjármagnskostnaður 1.321 m.kr. Af þessum fjármagnskostnaði voru verðbætur um 533 m.kr. en í áætlun voru verðbætur fyrir hálf t árið um 722 m.kr. Ákveðið var í þessu uppgjöri að reikna með lægri innri vöxtum en áður í ljósi þess að vaxtagjöld bæjarins hafa lækkað verulega á síðustu árum og engin ástæða til að mynda tap hjá rekstrareiningum á og samskonar hagnað hjá aðalsjóði. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 695 m.kr., en helmingur af áætlun ársins er 1.236 m.kr. tap.

Framkvæmdir eignasjóðs, sem koma fram á efnahagsreikningi ganga eftir áætlun. Þar eru stærstu liðirnir Leikskólinn Austurkór 69 m.kr., Hörðuvallaskóli 57 m.kr., knattúsin um 28 m.kr., sambylinn í Austurkór 3 um 57 m.kr. og nýframkvæmdir við götur o.þ.h. um 114 m.kr.

2.3 Þjónustumiðstöð

Bókaðar tekjur þjónustumiðstöðvar í uppgjörinu eru 139 m.kr. og starfsmannakostnaður 121 m.kr. Mikill hluti af rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum áhaldahúss fellur til á sumrin og er millifærður frá öðrum stofnunum. Annar rekstrarkostnaður er 66 m.kr., afskriftir 7,1 m.kr. og fjármagnskostnaður 97 m.kr. Bókaðar verðbætur eru 37 m.kr. en helmingur áætlunar er um 49 m.kr. Rekstrarniðurstaða þjónustumiðstöðvar er neikvæð um 154 m.kr., en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 204 m.kr. neikvæðri afkomu.

3. B-hluti

3.1 Kópavogshöfn

Umsvif hafnarinnar eru afar lítil, en heildar tekjur í þessu uppgjöri eru 8 m.kr. eftir að tekjur frá aðalsjóði að fjárhæð 5,2 m.kr. hafa verið millifærðar. Starfsmannakostnaður er 4,4 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 3,5 m.kr. og afskriftir 5,6 m.kr. Fjármagnskostnaður hafnarinnar er hinsvegar 34 m.kr. Rekstrartap fyrstu 6 mánuði ársins nam 40 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir tapi að fjárhæð 49 m.kr.

Þegar rekstur hafnarinnar er skoðaður sést, að beinar rekstrartekjur eru langt frá því að standa undir beinum rekstrarkostnaði við starfsemina. Hefur reksturinn verið þannig mörg undanfarin ár. Á hafnarstarfseminni liggur mikill fastur kostnaður sem ekki er hægt að komast hjá þó starfsemi leggist niður, þetta er kostnaður eins og afskriftir, fjármagnskostnaður og svo tilfallandi smákostnaður sem ekki er komist hjá þó starfsemi væri sett í algert lágmark.

3.2 Húsnæðisnefnd

Tekjur þessa reksturs voru 233 m.kr. eða um 14 m.kr. umfram hlutfall áætlunar. Enginn launakostnaður liggur nú á rekstrinum en vöru- og þjónustukaup og skattar eru um 105 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 150 m.kr. í stað áætlaðra 183 m.kr. miðað við hálf t. ár. Rekstrarniðurstaðan í þessu uppgjöri er 47 m.kr. tap en hlutfall af áætlun sýnir 76 m.kr. tap.

3.3 Fráveita

Rekstrarafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam 195 m.kr. eða um 39 m.kr. hærri en áætlað var.

Tekjur voru 442 m.kr. eða um 17 m.kr. yfir áætlun, vöru- og þjónustukaup voru undir áætlun. Fjármagnsliðir voru verulega undir áætlun. Aðal ástæðan fyrir hærri tekjum liggur í bókun tekna vegna fráveitustöðvar við Hafnarbraut sem barst á árinu 2014 en hefði átt að koma á fyrra ári.

3.4 Vatnsveita

Rekstrarafgangur fyrra misseris nam 119 m.kr. eða um 15 m.kr. hærri en áætlað var.

Tekjur voru 293 m.kr. eða um 10 m.kr. yfir áætlun, starfsmannakostnaður er vel undir áætlun og sama á við um vöru- og þjónustukaup og fjármagnsliðina.

3.5 Tónlistarhús

Rekstrarhalli fyrstu 6 mánuði ársins var 34 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 21 m.kr. Tekjur voru 4,8 m.kr. eða verulega undir áætlun, starfsmannakostnaður var 11,7 m.kr, sem er rétt yfir áætlun. Eins og hjá menningarsviðinu, þá reyndist villa í launaáætlun þannig að laun voru áætluð of lág miðað við það sem þarf fyrir starfsemina. Á seinni helmingi ársins er gert ráð fyrir að tekjurnar jafni sig uppávið þó ekki sé víst að áætluðum tekjum verði náð.

Vöru- og þjónustukaup voru rétt undir áætlun sem og fjármagnsliðir.